

Ed.

440. Frumvarp til laga

[209. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

4. mgr. A-liðar 8. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Húsnæðismálastjórn gerir árlega tillögu til ráðherra um þá heildarfjárhæð, sem heimilt er að veita á ári hverju í þessu skyni. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um heildarfjárhæð, úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

1. málslíður 2. mgr. B-liðar 8. gr. breytist svo:

Á eftir orðunum: Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða — komi — eða sölubúða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 23 23. maí 1975.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Allt frá setningu laga 30/1970, þegar fyrst voru tekin í lög ákvæði, sem heimiluðu húsnæðismálastjórn að veita lán til kaupa á eldri íbúðum, hefur það verið bundið í lögum, hversu hárrí heildarfjárhæð heimilt hefur verið að verja í þessu skyni á hverju ári. Hér er gert ráð fyrir, að ráðherra geti með reglugerð ákveðið, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, hve hárrí heildarfjárhæð heimilt sé að verja árlega í þessu skyni.

Um 2. gr.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur samþykkt að fara þess á leit við félagsmálaráðherra, að hann hlutaðist til um að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilað án tímaskilyrða að selja umræddar íbúðir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi málaleitan er tilkomin að beiðni fjölmargra þéttbýlissveitarfélaga, þar sem verið er að byggja slíkar íbúðir. Telja hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að ella verði stefnt í hreinar ógöngur og að hér sé einnig um að ræða, að tekið verði upp sama fyrirkomulag og varðandi „Breiðholtsíbúðirnar“ í Reykjavík, en til þeirra var veitt hliðstæð lánafyrirgreiðsla.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga væntir þess, að við þessum óskum verði orðið, enda sýnast þær réttmætar.